

ÁKVÖRÐUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS nr. 846/2004/EB

frá 29. apríl 2004

um breytingu á ákvörðun ráðsins 2000/821/EB um framkvæmd áætlunar um að hvetja til þróunar, dreifingar og kynningar á evrópskum hljóð- og myndverkum (MEDIA plús – þróun, dreifing og kynning) (2001-2005)

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 3. mgr. 157. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar ⁽²⁾, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽³⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Með ákvörðun 2000/821/EB ⁽⁴⁾ kom ráðið MEDIA plús-áætluninni á til að hvetja til þróunar, dreifingar og kynningar á evrópskum hljóð- og myndmiðlaverkum og gildir hún frá 1. janúar 2001 til 31. desember 2005.

2) Nauðsynlegt er að tryggja samfelldni í stefnu Bandalagsins til að styðja við evrópska hljóð- og myndmiðlageirann að teknu tilliti til markmiðanna sem Bandalagið fylgir skv. 157. gr. sáttmálans.

3) Einnig er mikilvægt að framkvæmdastjórnin leggi fram fullkomna og ítarlega matskýrslu um MEDIA plús-áætlunina eigi síðar en 31. desember 2005 til þess að lög-gjafarvaldið hafi nægan tíma til að fjalla um tillögu að nýrri MEDIA plús-áætlun, sem áformað er að hefjist 2007, og til að fjárveitingavaldið geti metið þörfina á nýjum fjárhagsramma.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Ákvörðun 2000/821/EB er hér með breytt sem hér segir:

1) Í stað „31. desember 2005“ í 1. mgr. 1. gr. komi „31. desember 2006“.

2) Í stað „350 milljónir evra“ í 2. mgr. 5. gr. komi „435,60 milljónir evra“, að meðtalinni leiðréttingu vegna stækkunarinnar eftir að fjárhagsáætlunin hefur verið endurskoðuð.

*2. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Strassborg 29. apríl 2004.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

P. COX

*forseti.**Fyrir hönd ráðsins,*

M. McDOWELL

forseti.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 10, 14.1.2004, bls. 8.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 23, 27.1.2004, bls. 24.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 12. febrúar 2004 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 26. apríl 2004.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 336, 30.12.2000, bls. 82.